

80

Gjöld:

6. ágúst

1. Kostnaður við amtsráðið	kr. 600,00
2. Ferðakostnaður	— 50,00
3. 9. afborg. uppí og vaxtagreiðsla af láni til Ölfus- árbrúar	— 482,63
4. Kostn. samkv. lögum 2. okt. 1891 um skipun dýralækna á Íslandi	— 200,00
5. Menntamál (Kvennaskól. í Reykjavík).	— 100,00
6. Gjald til búnaðarskóla á Hvanneyri á skóla- árinu 1903—1904, samkv. 1. gr. laga 4. júní 1898 um breyting á gjöldum til amtssjóða og sýslusjóða	— 840,00
7. Tillag til búnaðarskólans á Hvanneyri fyrir skólaárið 1903—1904	— 4000,00
8. Ýmisleg gjöld	— 400,00
9. Eptirstöðvar	— 827,37
	kr. 7500,00

29. Amtsráðið ályktaði að veita 20 kr. úr jafnaðarsjóði fyrir skriptir á amtsráðsfundinum.

Fleiri mál komu eigi til umræðu, og var svo fundi slitið.

Suðuramtið, 6. ágúst 1902.

J. Havsteen.

81

Skýrsla

26. maí

um aðalfund amsráðs Vesturamtsins 10. maí 1902.

Ár 1902 10. maí var aðalfundur amsráðsins í Vesturamtinu settur og haldinn í Reykjavík af forseta þess, amtmanni Julius Havsteen ásamt amtsráðsmönnum: kaupmanni Sæmundi Halldórssyni í Stykkishólmi (úr Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu), sýslumanni Birni Bjarnarsyni á Sauðafelli (úr Dalasýslu), hreppstjóra Snæbirni Kristjánssyni í Hergilsey (úr Austurbarðastrandarsýslu), síra Þorvaldi Jakobssyni í Sauðlauksdal (úr Vesturbarðarstrandarsýslu), síra Kristni Danielssyni á Söndum (úr Vesturísafjarðarsýslu), síra Páli Stephensen á Melgraseyri (varamanni úr Norðurísafjarðarsýslu) og prófasti, síra Páli Ólafssyni í Vatnsfirði (úr Strandasýslu). Amtsráðsmaðurinn úr Mýrarsýslu, Ásgeir Bjarnason í Knararnesi var ókominn þá er fundurinn var settur, en mætti á fundinum annan dag fundarhaldsins; hafði teptzt á leiðinni. Forseti gat

Þess, að amtsráðsmaðurinn úr Norðurlisafjarðarsýslu síra Sigurður Stefánsson í 81
Vigur hefði tjáð forföll sín. 26. maí

Þessi mál komu til umræðu á fundinum:

1. Forseti lagði fram reikning yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Vesturamtsins fyrir 1901, og var hann falinn amtsráðsmönnum úr Strandarsýslu og Vesturbarðarstrandarsýslu til endurskoðunar.
2. Forseti lagði því næst fram reikning yfir tekjur og gjöld búnaðarskólasjóðs Vesturamtsins fyrir 1901, og var hann fenginn amtsráðsmönnum úr Dalasýslu og Austurbarðarstrandarsýslu til endurskoðunar.
3. Reikningurinn yfir tekjur og gjöld búnaðarsjóðs Vesturamtsins fyrir 1901, sem einnig var framlagður, var fenginn í hendur amtsráðsmönnum úr Norðurlisafjarðarsýslu og Vesturlisafjarðarsýslu til endurskoðunar.
4. Reikningurinn yfir tekjur og gjöld amtsbókasafnins í Stykkishólmi fyrir 1901 var fenginn amtsráðsmanninum úr Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu til endurskoðunar.
5. Forseti skýrði frá, að inneign styrktarsjóðsins »Þorvaldar minning« í Söfnunarsjóði Íslands væri að eins 4872 kr. 46 a.
6. Forseti skýrði frá því, að hann hefði á síðastliðnu sumri lagt sýslumönnum á hinu svo nefnda kláðagrunaða svæði í báðum ömtunum fyrir, að láta almennar fjárskóðanir framfara að haustinu til, þegar fjed væri komið af fjalli, og viðhafa aðskilnað á sjúku fje og heilbrigðu, og lækningar á því, sem fyndist með kláða. Skýrslur sýslumanna um árangurinn af þessum ráðstöfunum höfðu sýnt, að kláði væri með minnsta móti, og enn vægari en í fyrra að því leyti, sem enginn kláði hefði fundizt í Norðurlisafjarðarsýslu og Árnassýslu og því nær enginn í Gullbringu- og Kjósarsýslu; kláði hefði að eins fundizt á 141 kind alls á 77 heimilum. Forseti kvadst því eigi hafa fundið ástæðu til að gefa út sjerstakar fyrirskipanir snertandi varnir gegn fjárkláða á yfirstandandi vori, bæði vegna þess, að svo lítið hefði borid á kláða, og svo vegna þess, að það meðul, sem hið opinbera á að leggja til lögskipaðra ráðstafana gegn fjárkláða, samkvæmt lögum 8. nóvbr 1901, um viðauka við og breyting á tilsk. 5. jan. 1866, um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi, og tilsk. 4. marz 1871, um viðauka við þessa tilskipun, sem öðluðust gildi 26. febr. þ. á., eigi gátu verið til taks nógu snemma.

Forseti skýrði frá því, að hann hefði í hyggju, að fyrirskipa almennar skóðanir á fje á hinu kláðagrunaða svæði á næsta hausti eða byrjun vetrar, og þaðanir á þeim svæðum, þar sem helzt bæri á kláða, og væri í ráði, að amtsdýralæknirinn ferðaðist um og leiðbeindi mönnum við framkvæmd á böðunum. Með tilliti til heilbrigðisástands sauðfjárins og hafandi fyrir augum þær ráðstafanir gegn fjárkláða, sem nú voru nefndar, og sem skyldu gjörðar á komanda hausti og vetri, kvadst forseti hafa í samráði með dýralækni gjört áætlun um, hvað mikið skyldi kaupa af þaðlyfjum, til þess að fullnægja 4. gr. fyrnefndra laga 8. nóv. 1901, og þareptir útvegað 7186 pd. af tóbaksblöðum og 96 pd. af tóbakslegi (til reynslu). Þessum forða hafði

81
26. maí

svo verið skipt niður á sýslurnar, og sendur út með »Skálholti« og »Reykjavík« á tiltekna staði, en það, sem ætlað er Gullbringu- og Kjósarsýslu og Árnessýslu, er geymt hjer, og er það undir það 1400 pd. Forseti skýrði enn fremur frá fyrirkomulagi því á útbýtingu baðlyfjanna, sem hann hefði sagt fyrir um, og að hann hefði beðið sýslumenn, að leiða athygli fjáreigenda að því, að baðmeðulum yrði að eins útbýtt ókeypis til lögskipaðra ráðstafana eftir 4. gr. laganna, en menn yrðu sjálfir eptir sem áður að kaupa sjer þau lyf, sem þeir notuðu við þrifaböð á sauðkindur og lömb, enda vænti hann, að menn hættu eigi að viðhafa slík böð af þeirri sök, að þeir sjálfir yrðu að bera kostnaðinn við þau, eins og hingað til.

7. Forseti lagði fram reikning yfir viðskipti amtsins við búnaðarskólafundunina í Ólafsdal á skólaárinu 1901—1902, og gat þess, að skólastjóri hefði lofað, að senda skólaskýrslu fyrir nefnt skólaár síðar.

Forseti minntist svo á það, sem amtsráðinu er kunnugt, að til hans hefði komið skömmu eptir amtsráðsfundiun í fyrra, 17. júní f. á., nokkrar áskoranir með allmörgum nöfnum undir úr Dalasýslu, Strandasýslu og Austurbarðarstrandasýslu um að nema úr gildi þá ályktun amtsráðsins, að sinna eigi málaleitun skólastjóra Torfa Bjarnasonar um að amtið keypti Ólafsdal, Belgsdal og Stóramúla með tilheyrandi húsum og áhöfn o. s. frv., þannig að skólafundunin þar yrði að öllu leyti opinber eign; í annan stað hefði þess verið farið á leit í áskorunum þessum, að kallað væri saman amtráðið sem allra fyrst til þess það tæki þá ákvörðun, sem væri amtinu sæmileg og gagnleg, en það væri að kaupa Ólafsdalsskólann og halda honum áfram. Forseti kvaðst eigi hafa sinnt þessum áskorunum, eins og eðlilegt var, en eptir að alþingi hafði veitt Vesturamtinu 10,000 kr. styrk, ef það keypti búnaðarskólann í Ólafsdal með tilheyrandi jörðum og búí, hefði hann fundið sjer skylt að leggja Ólafsdalsskólamálið aptur fyrir amtsráðið. Þótt sýslunefndirnar hefðu fjallað um þetta mál 1899, hefði forseti álitid það nauðsynlegt, að gefa þeim aptur tækifæri til að ihuga það, og ræða það, svo amtsráðið hefði bliðsjón af álitu þeirra.

Forseti hafði því skrifað sýslumönnum 15. nóv. f. á., og skorað á þá, að leggja þetta málefni, eins og það nú horfði við, fyrir sýslunefndirnar, og útvega og senda amtinu álit þeirra um það og skýlausa og ótvíræða yfirlýsing þeirra, um hvort þær væru með því, að Vesturamtið kaupi skólafundunina í Ólafsdal, sem sje jarðirnar Ólafsdal, Belgsdal og Stóra Múla með húsum og byggingum, búí og öðru tilheyraudi, og með hverjum kjörum, eða á móti því að ráðizt verði í þetta.

Forseti lagði þarnaest fram gjörðabókarútdrætti og brjef sýslumanna, viðvíkjandi þessu máli, og hafði árangurinn orðið sá, að 4 sýslunefndir, sem sje í Stranda-, Vesturisarjarðar-, Austurbarðarstrandar-, og Dalasýslu voru með því, að amtið keypti Ólafsdal o. s. frv., en fyrir sanngjarnt verð, eða það verð, sem málsadilar kæmu sjer saman um, en hinar 4 voru á móti því, að kaupin færu fram. Sýslunefndin í Mýrarsýslu hafði aptur á

móti lagt það til, að Torfa Bjarnasyni í Ólafsdal yrðu gefnar upp 10,000 kr. af skuld hans við amtið, og að amtsráðið mælti fram með því við alþingi, að honum verði veittar, að gjöf eða í verðlaunaskyni þær 10,000 kr., sem fjárveitingarvaldið hefir ætlað til að kaupa skólastofnunina. Sömu leiðis hafði sýslunefndin í Norðurisafjardarsýslu lagt það til, að amtsráðið gæfi Torfa skólastjóra Bjarnasyni 10,000 kr. eptir af skuld hans við amtið. 81
26. maí

Amtsráðið ályktaði, að kjósa 3 manna nefnd til þess að ihuga og ræða þetta mál í heild sinni og láta uppi ákveðnar tillögur sínar um það. Fyrir kosningu urðu Ásgeir Bjarnason, Snæbjörn Kristjánsson og J. Havsteen. Til vara í nefndina var kosinn síra Þorvaldur Jakobsson, ef Ásgeir Bjarnason eigi skyldi koma á fundinn.

Fundi frestað.

Fundurinn var aptur settur næsta dag. Forseti lagði fram og las upp álit nefndarinnar í Ólafsdalsskólamálinu, sem gengur út á það, að kaupa skólastofnuninni með öllu tilheyrandi, þannig að kaupverðið yrði 27,500 kr. eptir uppástungu eins nefndarmannsins, 30,000 kr. eptir uppástungu annars, og 31,000 kr. eptir tillögu hins þriðja. Ef Torfi Bjarnason ekki vildi sinna þessu boði, lagði nefndin það til, að honum yrðu gefnar upp skuldir hans við amtssjóðinn og 2 aðra sjóði, sem amtsráðið hefir umsjón með, alls 17,450 kr., og væri amtsráðið laust við öll frekari afskipti af skólահaldinu í Ólafsdal framvegis og fjárframlög til hans og var málið síðan rætt nokkuð. Þareptir var það fengið Torfa skólastjóra til ihugunar og yfirvegunar, hvort hann vildi sinna tilboðum þessum og þá hvoru.

Málinu var frestað til næsta dags.

8. Forseti skýrði frá fullnustu á úrskurðum, sem amtsráðið hafði lagt á sýslusjóðs- og sýsluvegasjóðsreikninga fyrir 1900 og fyrir 1899. Ennfremur skýrði forseti frá úrskurðum þeim, sem hann í umbodi amtsráðsins hafði lagt á sýslusjóðs- og sýsluvegasjóðsreikningana úr Dalasýslu fyrir 1900, sem eigi voru komnir til amtsráðsins, þá er það hjelt fundinn í fyrra.

Forseti lagði þar næst fram sýslusjóðs- og sýsluvegasjóðsreikninga fyrir 1901 úr öllu amtinu, ásamt athugasemdum endurskoðenda í hjeradi, og hafði forseti yfirfarið þá alla eins og fyrirskipað er. Amtsráðið úrskurdaði þvínæst gjörðar athugasemdir við þessa reikninga og við reikninga yfir kostnað við Laxárdalsbrúna 1901, sem þó eigi var samþykktur að sinni.

9. Þá voru framlögð og yfirfarin eptirnefnd endurrit af gjörðabókum allra sýslunefndanna fyrir 1901 og úr Dalasýslu að auki fyrir 1900:

A. Úr Strandasýslu frá 3.—6. apríl þ. á.

B. Úr Norðurisafjardarsýslu frá 7.—8. marz þ. á. Samkvæmt beiðni sýslunefndarinnar og brjefi sýslumanns, dags. 15. marz þ. á., samþykkti amtsráðið, að jafna mætti niður sem sýslusjóðsgjöldum á yfirstandandi ári 2528 kr. 48 a., sem fer fram úr því, sem má jafna niður án leyfis amtsráðsins, er nemur 1901 kr. 53 a.

81
26. maí

- C. Úr Vesturísafjardarsýslu frá 27. febr. þ. á.
 D. Úr Vesturbarðastrandarsýslu frá 19.—20. marz þ. á.
 E. Úr Austurbarðastrandarsýslu frá 12.—15. marz þ. á.
 F. Úr Dalasýslu frá 17. júní 1901 og frá 19.—20. apríl þ. á.
 G. Úr Snæfellsness- og Hnappadalssýslu frá 10.—11. apríl þ. á. Forseti gat þess að hann hefði með brjefi, dagsettu 15. febr. þ. á., leyft sýslunefndinni að jafna niður sem sýslusjóðsgjaldi allt að því 2500 kr., sem fer fram úr því, sem má jafna niður án leyfis amtsráðsins, er nemur 1958 kr. 41 e.
 H. Úr Mýrasýslu frá 9.—10. apríl þ. á.
10. Forseti lagði fram hinar fyrirskipuðu skýrslur um ástand styrktarsjóða handa alþýðufólki fyrir árið 1901 úr Strandasýslu, Norður- og Vesturísafjardarsýslu, Dalasýslu og Mýrasýslu. Forseti kvaðst hafa skrifað hlutaðeigandi sýslumönnum um að senda hinar vantandi skýrslur úr Austur- og Vesturbarðastrandarsýslu og úr Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.
- Hinar innkomnu skýrslur voru yfirfarnar með hliðsjón af endurritunum af gjörðabókum sýslunefndanna, og fann amtsráðið eigi neitt við skýrslurnar úr Stranda- og Mýrasýslu að athuga. Forseti gat þess, að útbýting hefði ekki átt sjer stað í Dalasýslu á árinu 1901, sem þó hefði stadið til, vegna þess að öll brjef sýslumanns, dagsett 25. júní f. á., þar sem hann tilkynnti hreppunum, hve mikið fje kæmi til útbýtingar, hefðu misfarizt. Það sjest heldur ekki af skýrslunum úr Norður- og Vesturísafjardarsýslum, að nokkur útbýting hafi átt sjer stað þar á árinu 1901, eins og tilætlazt er í Reglum um úthlutun styrks úr styrktarsjóðum handa alþýðufólki, 16. nóvember 1900, og kvaðst forseti hafa skrifað sýslumanni hjer að lútandi og heimitað skýrslu hans um, hvernig því viki við.
11. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Ísafjardarsýslu, dagsett 15 marz þ. á., þar sem hann samkvæmt ályktun sýslunefndarinnar í Norðurísafjardarsýslu beinir þeirri tillögu til amtsráðsins, að bókasafn Vesturamtsins verði flutt til Ísafjardarkaupstaðar með því að það væri þar miklu betur sett og fleirum til gagns.

Jafnhliða þessu var framlagt brjef sýslumannsins í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, dagsett 15. f. m., þar sem skýrt er frá þeirri ályktun sýslunefndarinnar þar, að skora á amtsráðið, að sinna eigi fyrnefndri áskorun Ísfirðinga, þar sem safnið væri bezt sett í Stykkishólmi, enda ætti safnið þar hús nýbyggt og mundi safnið hafa verið stofnað í því skyni eða með því skilyrði, að það skyldi vera í Stykkishólmi.

Bókasafn þetta var stofnað með bókum, sem gefnar voru í Kaupmannahöfn 1844 til þess að stofna bókasafn til almennra nota í Vestur-amtinu, og í reglugjörð þeirri, sem samin var 1847, er svo ákveðið, að geymslustaður bókasafnsins skuli vera í Stykkishólmi. Í hinni gildandi reglugjörð, 21. júlí 1895, er sömuleiðis byggt á því, að safnið skuli vera í Stykkishólmi. Hvorug reglugjörðin hefir hlotið konungsstaðfestingu; en í lögum 4. desbr. 1886,

um prentsmiðjur, er sagt, að amtsbókasafnið sje í Stykkishólmi, og er þannig gjört ráð fyrir því í lögum, að bókasafnið sje þar.

81

26. maí

Amtsráðið álitur því, að það hafi enga heimild til þess að fyrirskipa, að bókasafnið verði flutt á Ísafjörð, enda er það betur sett í Stykkishólmi en á Ísafirði að því leyti, er snertir almenn afnot þess, eða afnot þess af amtsbúum yfir höfuð.

Forseti skýrði frá, að hin fyrirhugaða aðgjörð á húsi safnsins, sem 200 krónur voru veittar til í fyrra af amtsjafnaðarsjóði, ætti að fara fram á yfirstandandi ári.

Ennfremur skýrði forseti frá því, að hann fyrir hönd amtsráðsins hefði 23. desber. f. á. skipað hjeradslækni Guðmund Guðmundsson í Stykkishólmi í forstöðunefnd safnsins í stað hjeradslæknis Davíðs Sch. Thorsteinssonar, sem er burtvikinn úr Stykkishólmi. Verzlunarstjóri Ingólfur Jónsson er nú bókaforsetur í stað hjeradslæknis Davíðs Sch. Thorsteinssonar.

12. Amtsráðið samþykkti þá ályktun sýslunefndarinnar í Strandasýslu, að ganga í ábyrgð fyrir eða sjálf taka allt að 1400 króna lán handa hjeradslækni Guðmundi Scheving til húsbýggingar í Hólmavík, með nánari tilteknum skilmálum til tryggingar fyrir sýslusjóðinn.

Amtsráðsmaðurinn úr Mýrasýslu, Ásgeir Bjarnason, mætti á fundinum meðan stóð á málinu Nr. 11.

Fundi frestað til næsta dags kl. 9. f. h.

Næsta dag kl. 9 f. h. var fundinum haldið áfram.

13. Var þá framhaldið að ræða Ólafsdalsskólamálið fyrir lokuðum dyrum.

Skólastjóri Torfi Bjarnason var mættur á fundinum og lýsti því yfir, að hann tæki því boði amtsráðsins, að það gæfi honum upp skuldir þær, sem hann er nú í við amtssjóð, Búnaðarskólaskóla og Búnaðarsjóð amtsins, að upphæð alls 17,450 kr., þannig að amtið sje þá laust við alla umsjón með skólunum og fjárframlög til skólalahalds, sem verða kynni í Ólafsdal framvegis.

Þá var borin upp tillaga amtsráðsmannsins úr Dalasýslu um, að kaupverðið yrði hækkað uppí 35,000 krónur, og var sú tillaga felld með 8 atkvæðum, en aptur á móti ályktaði amtsráðið með 8 atkvæðum gegn 1, að gefa Torfa Bjarnasyni upp fyrnefnda skuldaupphæð með ádurgreindum kjörum, og fól forseta, að leita samþykkis landshöfðingja til þessa.

Amtsráðið ályktaði að mæla með því við landshöfðingja, að landssjóðsstyrkurinn til Ólafsdalsskólans fyrir yfirstandandi ár, 2500 krónur, fjelli til Torfa Bjarnasonar, sem ætlar að ljúka kennslu nokkurra pílta, sem á skólunum eru, og lýsti því yfir, að það afsaladi sjer þeim hluta, sem það kynni að eiga tilkall til af þessum styrk, fyrir tímabilið frá 1. jan. til 14. maí þ. á.

14. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu, dagsett 15. marz og þar með fylgjandi ágripsendurrit af gjörðabók sýslunefndarinnar í Norðurísafjarðarsýslu frá fundi hennar 7.—8. marz þ. á. Samkvæmt endurritinu leggur sýslunefndin það til, að Súðavíkurhreppur, Ögurhreppur og Reykja-fjarðarhreppur verði hver um sig yfirsetukvennaumdæmi á því svæði, sem hið

núverandi 3. og 4. umdæmi ná yfir, og þannig, að töluröð umdæmanna breyttist,

Amtsráðið samþykkti þessa tillögu, og er þá 3. umdæmið Súðavíkurhreppur, 4. umdæmið Ögurhreppur og hið 5. Reykjarfjarðarhreppur.

15. Reikningarnir yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins, Búnaðarsjóðs Vesturamtsins, Búnaðarskólasjóðs Vesturamtsins og amtsbókasafnsins í Stykkishólmi fyrir 1901 voru aptur framlagðir og samþykktir án athugasemda.
16. Forseti lagði fram erindi frá hreppsnefndinni í Neshreppi innan Ennis, dagsett 1. febr. þ. á., með fylgiskjölum, þar sem hún ber sig upp undan því, að sýslunefndin í Snæfellsness og Hnappadalssýslu hefur á fundi sínum 21. og 22. maí f. á. neitað nefndinni um leyfi til að taka 1000 kr. lán til þess að koma upp þinghúsi fyrir hreppinn í sambandi við bindindisfjelögin í Ólafsvík, eða jafna niður á hreppsþúa jafnhárri upphæð á næstu tveim árum, og mælist í annan stað til, að amtmaður vildi leggja þetta mál aptur fyrir sýslunefndina, og hlutast til um, að sýslunefndin veiti hið umtalada leyfi.

Málið hefir nú aptur verið borið undir sýslunefndina og hafði hún enn neitað með 8 atkvæðum gegn 2, að veita hið umbeðna leyfi að svo stöddu, bæði vegna þess, að menn væru mjög á skiptum skoðunum um málið heima í hreppnum, og þess, að nú stæði til að skipta hreppnum í 2 hreppsþjelög, enda væri skóláhúsið í Ólafsvík viðunanlegt sem þinghús og hagur hreppsþúa þröngur. Ennfremur hafði sýslunefndin lýst því yfir, að hún mundi samkvæmt 18. og 38. grein tilskipunar 4. maí 1872, um sveitarstjórn á Íslandi, sbr. 52. gr., eiga úrslitavald um þetta mál.

Amtsráðið ályktaði, að það fyndi eigi ástæðu til, að hlutast frekar til um þetta mál, sem hefði fengið lögleg úrslit af hálfu sýslunefndarinnar.

17. Forseti lagði fram brjef frá sýslumanninum í Dalasýslu 11. þ. m., þar sem hann leitar samþykkis amtsráðsins til þeirrar ályktunar sýslunefndarinnar í nefndri sýslu, að ábyrgjast 200 króna lán handa hjeradslækni Sigurði Sigurðssyni í Búðardal, úr landssjóði af þeirri upphæð, sem í 19. grein fjárlaganna er ætluð til að lána handa þurrabúðarmönnum til jarðræktar og húsabóta.

Amtsráðið veitti hið umbeðna samþykki, en vildi taka fram, að lækningurinn væri ekki þurrabúðarmaður í eiginlegri merkingu orðsins.

18. Forseti lagði fram brjef amtsdýralæknisins, dagsett 1. maí þ. á., þar sem hann skýrir frá því, að hann hafi útbýtt bóluefni í rúm 100,000 fjár síðasta ár, og að allar sýslur í Vesturamtinu hafi fengið sinn skerf af því, nema Ísafjardarsýsla, en þaðan hafi ekkert verið pantað.

Forseti skýrði frá, að dýralæknirinn væri nú eptir skipun amtsins farinn upp í Borgarfjörð til þess að rannsaka hina svonefndu »skitupest« í lömbum, sem gjört hefði vart við sig þar, sjer í lagi í Mýrasýslu.

19. Forseti lagði fram frumvarp til reglugjörðar fyrir Vesturísafjardarsýslu, um notkun afrjetta, tjallskil, rjettarhöld og fl.

Amtsráðið athugaði þetta frumvarp og staðfesti það til þess að öðlast gildi 1. sept. næstkomandi.

20. Eptir hlutkesti gekk síra Kristinn Daníelsson á Söndum úr tölu fulltrúa **81**
Búnaðarfélags Íslands, og var hantú endurkosinn til 4 ára. **26. maí**
21. Þá var rædd og samþykkt áætlun um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins fyrir 1903:

Tekjur:

1. Vætanlegar eptirstöðvar	kr. 1600	
2. Jafnaðarsjóðsgjald	— 3000	kr. 4600

Gjöld:

1. Kostnaður við amtsráðið	kr. 1000	
2. Kostnaður samkvæmt 3. grein laga 2. október 1891 um skipun dýralækna	— 275	
3. Amtsbókasafnið	— 400	
4. 7. afborgun uppí bankalán (12000 kr.) frá 14. nóvember 1896	kr. 600	
og leigur 30. septbr. 1903	— 390	— 990
5. 3. afborgun uppí bankalán (5000 kr.) frá 30. júlí 1900	kr. 500	
og leigu 30. september 1903	— 175	— 675
6. Ferðakostnaður	— 60	
7. Ýmislegt.	— 200	
8. Eptirstöðvar	— 1000	kr. 4600

22. Amtsráðið samþykkti, að næsti aðalfundur þess yrði haldinn í Reykjavík.

33. Fyrir skriptir á fundinum veitti amtsráðið 25 kr.

Fleiri mál komu eigi til umræðu og var svo fundi slitið.

Vesturamtið, Reykjavík 26. maí 1902.

J. Havsteen.

Skýrsla.

um aðalfund amtsráðs Norðuramtsins 17.—21. júní 1902.

Ár 1902, hinn 17. júní var aðalfundur amtsráðs Norðuramtsins settur og haldinn á Akureyri af amtmauni Páli Briem, amtsráðsmanni Húnavatnssýslu, Birni bónda Sigfússyni á Kornsa, amtsráðsmanni Skagafjarðarsýslu, Ólafi umboðsmanni Briem á Alfgeirsvöllum, amtsráðsmanni Eyjafjarðarsýslu Stefáni kennara Stefánsyni á Möðruvöllum, og amtsráðsmanni Suðurþingeyjarsýslu Árna prófasti Jónssyni á Skútustöðum.

Á fundinum komu þessi mál til umræðu:

1. Forseti lagði fram reikninga yfir tekjur og gjöld eptirfylgjandi sjóða, árið 1901, með fylgiskjölum.